

Efni: Umsögn um drög að aðgerðaáætlun í bráðabjónustu og sjúkraflutningum til 2025.

Þau átta slökkvilið sem standa að þessari umsögn fagna því að málefni sjúkraflutninga séu í umræðunni og komin aðgerðaáætlun í þeim málaflokki. Samhliða harma þau þó að ekki sé meira og breiðara samráð við þá sem koma að þessum málaflokki og þá ekki síst þau slökkvilið sveitarfélaganna sem sinna sjúkraflutningum og hafa gert í áratugi. Fjögur þeirra eru með sólarhringsvaktir, hin með starfsmenn í dagvinnu og bakvaktir utan þess. Íbúafjöldi á þjónustusvæðum þessara slökkviliða er um 300.000 eða um 80% landsmanna. Árið 2020 sinntu þessi átta slökkvilið um 82% allra sjúkraflutninga á landinu. Á þetta er ekki minnst einu orði í aðgerðaáætlun ráðuneytisins.

Í inngangi aðgerðaáætlunarinnar er því lýst hvernig skýrslur starfshóps um framtíðarsýn um bráðabjónustu og sjúkraflutninga til 2030 liggi til grundvallar þeirri aðgerðaáætlun sem er til umsagnar. Rétt er að fram komi að engin fulltrúi rekstraraðila, hvorki frá slökkviliðunum né öðrum, átti sæti í starfshópnum sem kom að gerð stefnunnar, þrátt fyrir að gerð hafi verið athugasemd við það. Það er umhugsunarvert að ráðuneytið hafi valið að hafa ekki í starfshópnum fulltrúa rekstraraðila sem bera alla starfsmannalega og rekstrarlega ábyrgð, þar með ábyrgð á menntun og endurmenntun og faglega ábyrgð á sjúkraflutningum, hver á sínu svæði.

Fagráð sjúkraflutninga bendir mikilvægi samráðs út fyrir starfshópinn í bréfi með forgangsgröðun sinni til ráðuneytisins dags. 27. janúar 2021.

„Þá er æskilegt að fram fari umræða um þessar tillögur á breiðum grundvelli, m.a. við rekstrar- og þjónustuaðila sjúkraflutninga sem áttu ekki fulltrúa í vinnuhópnum, til þess að fá fram frekari sjónarmið og tryggja breiða sátt.“

Rétt er að áréttu að skipan fagráðs sjúkraflutninga er aftur á móti mannað fulltrúum sem hafa ólíka aðkomu að þjónustunni ólíkt mönnun starfshópsins sem kom að gerð stefnunnar. Mikilvægi og hlutverk fagráðs er undirstrikað í aðgerðaáætlun ráðuneytisins en þar segir:

„Fagráði sjúkraflutninga er ætlað að veita heilbrigðisráðuneytinu ráðgjöf um fagleg málefni sem varða sjúkraflutninga skv. reglugerð 262/2011. Ráðuneytið hefur þegið aðstoð fagráðsins við að forgangsraða þeim áherslumálum sem tilgreind eru í skýrslunni en fagráðið er mannað fulltrúum sem hafa ólíka aðkomu að þjónustunni og er því vel fallið til að meta slíkt á breiðum grunni.“

Umræðan sem fagráð kallar eftir hefur ekki átt sér stað. Í forgangröðun fagráðsins frá 27. janúar síðastliðinn kemur einnig fram eftirfarandi sjónarmið varðandi slökkviliðin sem endurspeglast ekki í aðgerðaáætluninni með skýrum hætti.

„Á flestum stærri stöðum eru það slökkvilið sem reka sjúkraflutninga samkvæmt samningum við HRN / Sí eða heilbrigðisstofnun svæðisins. Þeir samningar hafa skilað öflugum viðbragði, auknum mannafla og bættum möguleikum til menntunar og þjálfunar sem endurspeglast almennt í hærra menntunarstigi á þeim stöðum þar sem slökkvilið rekur þjónustuna. Mætti skoða forsendur fyrir slíku samstarfi á smærri stöðum þar sem verkefni eru fá og því erfitt að tryggja mönnun sbr. hér að ofan.“

Í gögnum fagraðsins er einnig fjallað um hvernig mætti efla almenna björgunarþjónustu í landinu.

„Útfæra mætti samstarf við slökkvilið á fleiri stöðum en nú er og þannig tryggja mönnun í tilteknu starfshlutfalli eða jafnvel fullu starfi sem gæti gagnast bæði fyrir sjúkraflutninga og slökkvilið og efla almenna björgunarþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi.“

Þarna kemur fram skýr skoðun fagraðsins á samnýtingu slökkviliðs og sjúkraflutninga, en það skilar sér ekki heldur í drög ráðuneytisins. Samrekstur ætti að styrkja nærþjónustu á minni stöðum og þá sérstaklega frekari útfærslur á vettvangsliðum. Ekki síður mikilvægt er að nýta þá innviði sem er búið að byggja upp af sveitarfélögum um allt land í formi aðstöðu, s.s. húsnæðis fyrir bílageymslur, kennsluáðstöðu og annars aðbúnaðar.

Það hefur einnig sýnt sig þegar á bjátar, svo sem við mikið álag, stærri slys og svo ekki sé minnst á COVID-19, hvað þessi samlegð hefur nýst vel í þjónustu sjúkraflutninga. Þannig hafa slökkviliðin geta tekist á við aukna og flókna sjúkraflutninga með sóttvörnum á öruggan máta, með nægum mannskap. Slíku samstarfi ætti því frekar að hampa, þakka fyrir og tryggja í sessi, frekar en að draga úr því.

Það er skoðun undirritaðra að í fimm ára aðgerðaáætlun heilbrigðisráðuneytisins ætti að sjálfsögðu að horfa til þess fyrirkomulags sem er í gangi og hefur virkað mjög vel, með samstarfi slökkviliða og sjúkraflutninga. Tryggja það fyrirkomulag betur í sessi. Enda er, eins og fram kemur í gögnum fagraðs sjúkraflutninga, öflugt viðbragð, aukinn mannaflí og hærra menntunarstig þar sem slökkviliðin sinna sjúkraflutningum.

Sveitarfélögin eru einn af lykilaðilum í sjúkraflutningum og bera ábyrgð á þeim gagnvart meginþorra þjóðarinnar. Þau geta skapað stöðugleika í rekstri slökkviliða og sjúkraflutninga til framtíðar. Undirritaðir óska því eftir því að fá tækifæri til að vera virkir þátttakendur í þeirri stefnumótun sem er framundan við útfærslur á markmiðum aðgerðaáætlunarinnar en ekki eingöngu umsagnaraðili.

Virðingarfyllst,

Haraldur Geir Eðvaldsson
Brunavarnir á Austurlandi

Jón Guðlaugsson
Brunavarnir Suðurnesja

Ólafur Stefánsson
Slökkvilið Akureyrar

Jón Viðar Matthíasson
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Sigurður Jónsson
Slökkvilið Ísafjarðar

Grímur Snær Kárasón
Slökkvilið Norðurbings

Svavar Atli Birgisson
Slökkvilið Skagafjarðar

Guðmundur Helgi Sigfússon
Slökkviliðið í Fjarðarbyggð

Rafrænar undirritanir eru á næstu síðu.

Undirritunarsíða

Haraldur Geir Eðvaldsson

Jón Guðlaugsson

Ólafur Stefánsson

Jón Viðar Matthíasson

Sigurður Arnar Jónsson

Grímur Snær Kárason

Svavar Atli Birgisson

Guðmundur Helgi Sigfússon